



Matvælastofnun
Austurvegi 64
800 Selfoss

Seyðisfjörður 2. Maí 2024

Umsögn

Í samræmi við 7. grein laga númer 71/2008 um Fiskeldi hefur sveitarfélaginu Múlaþingi borist beiðni til umsagnar frá Matvælastofnun. Um er að ræða umsögn vegna umsóknar Fiskeldis Austfjarða vegna sjókvíaeldis í Seyðisfirði. Um er að ræða 10.000 tonna hámarkslífmassa af laxi og er áætlað að sjókvíaeldið verði kynslóðaskipt á þremur staðsetningum í Seyðisfirði, í Sörlastaðavík, Selsstaðavík og Skálanesbót.

Matvælastofnun hefur óskað eftir umsögn sveitarfélagsins Múlaþings vegna fyrirhugaðrar leyfisveitingar um það hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvarinnar eða fyrirhugaðar eldistegundir, eldisstofnar eða eldisaðferðir gefi tilefni til neikvæðra vistfræði-eða erfðafræðiáhrifa sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.

Umsögn heimastjórnar Seyðisfjarðar er eftirfarandi:

Varðandi umsagnarbeiðni Matvælastofnunar þar sem vísað er til 7. gr. vill Heimastjórn Seyðisfjarðar koma eftirfarandi á framfæri að farið hefur verið yfir fyrirbyggjandi gögn, Matsskýrslu Fiskeldis Austfjarða og álit Skipulagsstofnunar um umhverfismatið. Heimastjórn telur að náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvarinnar og fyrirhugaðar eldistegundir, og eldisaðferðir gætu gefi tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiáhrifa sem leitt getur af þeirri starfsemi sem sótt er um leyfi fyrir. Er þar sérstaklega vísað til niðurstöðu í álit Skipulagsstofnunar um umhverfismatið.

Heimastjórn telur brýnt að leyfisskyld starfsemi verði í samræmi við gildandi strandsvæðaskipulag og að ítrustu kröfum verði fylgt um vöktun og eftirlit.

Að auki bendir heimastjórn Seyðisfjarðar á eftirfarandi útdrátt úr umsögn umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings dagsett 2. Febrúar 2022 sem um er að ræða bókun vegna álits Skipulagsstofnunar vegna fyrirhugaðra áforma Fiskeldis Austfjarða um 10.000 tonna eldi á laxi í Seyðisfirði.

Umhverfis- og framkvæmdaráð telur álit Skipulagsstofnunar greinargott og fagnar því að þar er víða tekið tillit til athugasemda frá fagstofnunum, sveitarfélaginu og öðrum aðilum sem létu sig málið varða. Skipulagsstofnun gerir í álitu sínu itarlegar tillögur að skilyrðum sem setja ætti í starfsleyfi og rekstrarleyfi fyrir laxeldi í Seyðisfirði til að sporna við mögulegum neikvæðum áhrifum á umhverfi fjarðarins, innviði og aðra atvinnustarfsemi á svæðinu. Ráðið hvetur Umhverfisstofnun og Matvælastofnun til þess að taka tillit til þessara tillagna þegar unnið verður að útgáfu þessara leyfa. Þá hvetur ráðið Fiskeldi Austfjarða til að fara að tilmælum Skipulagsstofnunar hvað varðar samstarf og samráð við heimafólk...¹

¹ <https://www.mulathing.is/is/stjornsysla/sveitarstjorn-rad-og-stjornir/fundargerdir/malsnumer/202101050>



Frumvarp til laga um lagareldi

Heimastjórn bendir á að fyrir Alþingi liggur nú frumvarp um lagareldi og í umsögn sveitarfélagsins um þær lagabreytingar var eftirfarandi bókað á fundi sveitarstjórnar þann 15. mars 2023.

Sveitarstjórn Múlaþings tekur undir skýrslu Ríkisendurskoðunar um sjókvíaelði sem leiddi m.a. í ljós að umgjörð sjókvíaeldis við Íslandsstrendur hefur einkennst af veikburða og brotakenndri stjórnsýslu sem var vart í stakk búin til að takast á við aukin umsvif í greininni á undanförunum árum.

Sveitarstjórn Múlaþings skorar á stjórnvöld að tryggja markvissa endurskoðun á stjórnsýslu greinarinnar og bendir sérstaklega á að hvergi er fjallað um afgerandi aðkomu sveitarfélaga til að mynda varðandi skipulagsvald á fjörðum. Sveitarfélög fara með skipulagsvald á landi og hafa skipulagsgerð og leyfisveitingar út að 115 m stórstraumsfjöru. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga hafa ítrekað bent á þennan ágalla og kallað eftir skipulagsvaldi sveitarfélaga á fjörðum og þar með væri aðkoma að leyfisveitingum sambærileg og gerist á landi.

Með óbreyttu fyrirkomulagi er lagalegur réttur sveitarfélaga til að hafa aðkomu að málum er varða atvinnuuppbyggingu innan síns svæðis ekki til staðar. Innan Múlaþings hefur verið mótspyrna meðal íbúa Seyðisfjarðar og mælist umtalsverð andstaða við uppbyggingu fiskeldis í firðinum. Mikilvægi þess að skipulagsvaldið sé í nærsamfélaginu er því öllum ljóst.

Sveitarstjórn Múlaþings tekur sérstaklega undir tillögur Ríkisendurskoðunar um að endurskoða þurfi Fiskeldissjóð og umgjörð hans enda mikilvægt að arðsemi af starfseminni skili sér til nærsamfélagsins.

Sveitarstjórn Múlaþings tekur undir með heimastjórn Seyðisfjarðar varðandi mikilvægi þess að þau ráðuneyti, sem fara með málaflokkinn, haldi kynningarfund sem fyrst fyrir íbúa í sveitarfélaginu varðandi stefnu og framtíðarsýn stjórnvalda. Sveitarstjóra falið að koma framangreindu á framfæri við þar til bær ráðuneyti.²

Fyrir hönd heimastjórnar Seyðisfjarðar

Jónína Brynjólfsdóttir

Formaður

² <https://www.mulathing.is/is/stjornsysla/sveitarstjorn-rad-og-stjornir/fundargerdir/sveitarstjorn-mulathings/428>